

Minnisblað – Kröfur laga um meðhöndlun úrgangs til leiða við hirðu og flokkun

Samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar – skipulagsreglugerðar og annarra ákvæða laga sem varðar sorphirðu

I. Inngangur:

Minnisblað þetta er ritað vegna vinnu sem unnin er hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til þess að aðstoða sveitarfélög til þess að innleiða breytingar á meðhöndlun úrgangs með það að markmiði að flokka í 4 flokka mismunandi flokka við heimili, auk þess sem íbúar eiga að hafa möguleika á að hafa áhrif á sorpgjöld sín með því að draga úr losun. Er það yfirlýst markmið laga um meðhöndlun úrgangs auk þess sem nákvæmari skyldur eru lagðar varðandi fyrirkomulag sveitarfélaga á sorphirðu í ákvæðum laganna. Í vinnu með sveitarfélögunum hefur komið í ljós að misræmi getur verið milli þess er fram kemur í lögum um meðhöndlun úrgangs, byggingarreglugerðar, skipulagsreglugerðar og fleiri lagaákvæðum sem máli geta skipt þegar stefnt er að breytingu á fyrirkomulagi sorphirðu.

II. Lagaumhverfi

Þau lagaákvæði sem máli skipta þegar lagt er mat á álitaefnið eru:

10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs: ... Sérstök söfnun á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi skal fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Söfnunin skal fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila. Þó er heimilt að hafa sameiginlega söfnun úrgangs fyrir aðliggjandi lóðir að því tilskildu að öll söfnun úrgangs færast af viðkomandi lóðum....

Í byggingarreglugerð eru fjölmörg ákvæði er varða sorphirðu:

4.3.1.:.....hverri íbúð og tiltaka nettó stærð hvernar einstakrar geymslu. Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir aðstöðu til að geyma og flokka sorp. Við íbúðarhús og aðrar byggingar, þar sem það á við, skal á aðaluppdrætti sýna leiksvæði barna, gróður og annað sem varðar skipulag og frágang lóðarinnar. Tilgreina skal fjölda bílastæða, stæða fyrir önnur farartæki og gera sérstaklega grein fyrir samræmi við kröfur í deiliskipulagi og í þessari reglugerð. Enn fremur skal sýna hvernig haga skuli fólks- og vöruaðkomu að húsi og lóð, gámasæðum og aðkomu sjúkra-, slökkvi- og sorphreinsunarbíla.

4.4.4.: ...Lóðauppdrættir skulu, eftir því sem við á, vera í mælikvarða 1:500, 1:200, 1:100, 1:50, 1:20 og 1:10. Á þeim skal, eftir því sem við á, sýna fyrirkomulag á lóð, s.s. bílastæði, aðkomu fólks og vöru. Fyrirkomulag lóðar skal vera í eðlilegu samhengi við þá starfsemi sem fram fer í viðkomandi mannvirki og næsta nágrenni. Á lóðauppdráttum skal nánar tiltekið gera grein fyrir: a. Aðgengi hreyfihamlaðra, blindra og sjónskertra. b. Aðkomu sjúkra-, slökkvi- og sorphreinsunarbíla...

6.12.6: ... Sorpgeymslur geta ýmist verið innbyggðar í byggingu, í tengslum við hana, neðanjarðar eða sem sorpgerði/-skýli. Sorplausnir utan lóða eru háðar samþykki leyfisveitanda....

6.12.8: ... [Sorpgerði og sorpskýli skulu ekki vera fjær inngangi byggingar en sem svarar 25 m.]³) 4) [...]1)[Gólf í [sorpgerði og sorpskýli]³) skal vera úr efni sem auðvelt er að þrifa og með niðurfalli sé það 6 m²eða stærra.]²)... Þar sem talin er þörf á sorpgámum, skal staðsetning, stærð og frágangur þeirra sýndur á aðaluppdráttum...

Í skipulagsreglugerð kemur fram:

5.3.2.16. *gr.Gámasvæði og sorpgerði*: Innan hverfa skal gera ráð fyrir grenndargámum, þ.e. gámum fyrir flokkaðan úrgang, svo sem pappír og plast. Afmarka skal og setja ákvæði um hámarksflatarmál gámasvæðis á lóð og hámarkshæð gámasamstæðu. Þar sem þörf er á gámasvæðum eða sorpgerðum á lóðum utan hefðbundinna atvinnusvæða skal staðsetja þau á baklóðum eða í aflokuðum rýmum. Gera skal grein fyrir afmörkun þeirra á uppdrætti.

5.3.2.2: Gera skal grein fyrir hæðarsetningum lóða og aðkomu fyrir notendum lóðanna, neyðarbíla og sorpbíla.

III. Umræða

Þegar litið er til ákvæða laga um meðhöndlun úrgangs virðist ljóst að markmið löggjafans hafi verið að beina því til sveitarfélaga að gera sína sorphirðu sveigjanlegri á ýmsan hátt. Þar kemur fram meginreglan um að sorphirða skuli fara fram innan lóðar viðkomandi fasteignar, en undanþága fyrir því að heimilt sé að sameina sorphirðu fyrir aðliggjandi lóðir.

Á fundum með fulltrúa Húsnæðis og Mannvirkjastofnunar í tengslum við innleiðingu einstakra sveitarfélaga á breyttum skyldum sínum skv. lögum um meðhöndlun úrgangs hefur komið fram sú afstaða að óheimilt sé að færa sorphirðu fasteignar, út fyrir þau mörk sem byggingarreglugerð setur, en það eru 25 metrar. Hefur sú fjarlægð afar takmarkandi áhrif fyrir sveitarfélög og íbúa þeirra til þess að sameina sorphirðu í samræmi við það sem gert er ráð fyrir í lögum um meðhöndlun úrgangs. Þessi fjarlægðartakmörk eru mun ríflegri í öðrum löndum sem við berum okkur saman við, en þau eru 75 m. í Noregi og 150 m. í Danmörku. Þá hefur komið fram á þeim fundum að óheimilt sé að breyta þeim stað sem sorp er hirt á í viðkomandi fasteign, öðruvísi en með sérstakri leyfisveitingu byggingarfulltrúa og breytingu á aðaluppdráttum, þar sem skýrlega á að koma fram hvar og hvernig sorp er hirt vegna viðkomandi fasteignar. Slík túlkun hefur það í för með sér að breytingar og innleiðing á lögum um meðhöndlun úrgangs eru allt að því ómögulegar eða a.m.k. óframkvæmanlegar nema með verulegu umstangi þar sem þyrfti að breyta aðaluppdráttum ótölulegs fjölda fasteigna sem myndi óska eftir því að fara í sameiginlega sorphirðu með öðrum lóðum. Þá liggja fyrir upplýsingar um að fjöldi sveitarfélaga sé nú þegar að heimila fasteignareigendum að sameinast um sorphirðu og virðist því í grunninn ekki farið eftir þessum kröfum byggingarreglugerðar.

Auk framangreinds er ýmislegt sem byggingarreglugerð tekur ekki á og er hugtakanotkun á nokkru reiki. Til að mynda á 25m. krafa eingöngu við um sorpgerði eða sorpskýli. Má þar með velta fyrir sér hvort stakar ruslatunnur sem ekki eru í sorpgerði eigi undir sömu fjarlægðartakmörkun? Þá gildir 25 m. reglan ekki um svokallaða djúpgáma sem nýttir eru við sorphirðu t.d. í einstökum hverfum á höfuðborgarsvæðinu. Ofanjarðargámar, sem gegna nákvæmlega sama hlutverki myndu hins vegar að öllum líkindum falla undir skilgreiningu á sorpgerði og sorpskýli og 25m. fjarlægðartakmörkun myndi að öllum líkindum eiga við um slíka lausn, sem þó er eðlislík djúpgámalausninni.

Í skipulagsreglugerð er auk þess fjallað um sambærilega hluti en þar eingöngu talað um „gámasvæði og sorpgerði“, en þar er t.d. ekki talað um sorpskýli eða djúpgáma eins og gert er í byggingarreglugerð. Kemur þar fram að í deiliskipulagi þurfi að afmarka gámasvæði eða sorpgerði vegna íbúðarhúsa og slík svæði skuli staðsetja á baklóðum eða í aflokuðum rýmum. Séu slík svæði sem koma ætti á í tengslum við innleiðinguna þar með ekki í samræmi við deiliskipulag einstakra svæða, sem valdið gæti vandkvæðum í samskiptum við íbúa sveitarfélagsins. Hér virðist einnig skorta heildarhugsun og samræmi við aðra löggjöf og byggingarreglugerð.

Auk þess hefur verið rætt að vinnuverndarsjónarmið geti verið til staðar ef gera á kröfu um að þeir sem sinna sorphirðu þurfi að ná í ruslatunnur um langan veg vegna þess að óheimilt sé að hafa þær á miðlægum stöðum. Getur það verið verulegur kostnaðarauki sem felst í því ef sorphirða þarf að fara

fram þannig að náð sé í úrgang ávallt við húsvegg eða inn á lóð, ef vilji sveitarfélags og jafnvel íbúa sé að breyta fyrirkomulaginu með það að markmiði að minnka kostnað og gera meðhöndlun úrgangs skilvirkari.

IV. Niðurstaða

Af því sem fram kemur í umræðu í kafla III, þá er ljóst að samtal þarf að eiga sér stað milli ráðuneyta og mismunandi stofnana um samræmingu laga- og reglugerðarákvæða, með það að markmiði að unnt sé að ná þeim markmiðum sem fram koma í lögum um meðhöndlun úrgangs.

Erfitt er fyrir einstök sveitarfélög að standa að breytingum á sorphirðu í samræmi við markmið laganna þegar íbúar sveitarfélaganna geta í kjölfarið gert kröfur gagnvart sveitarfélaginu að haga sorphirðu í samræmi við ákvæði byggingar- og skipulagsreglugerðar eins og fram hefur komið á fundum. Þá er mikilvægt að mismunandi lagaákvæði viðhafi sömu hugtakanotkun í málaflokknum svo enginn vafi sé á því hvaða kröfur séu gerðar vegna sorphirðu, hvort sem er við einbýlis- eða fjölbýlishús, svo sveitarfélög geti hagað sorphirðu með sveigjanlegum og hagkvæmum hætti.